



Fréttabréf MARS 2021

VATNSENDASKÓLI

Frá skólustjóra,

15. mars 2021

nú er daginn er tekinn að lengja og augljós merki um að vorið sé á næsta leyti. Þessi vetur hefur hingað til verið mjög léttur hvað veður varðar og vonandi heldur það áfram. Það eru þó margir sem vilja meiri snjó hér á suðvesturhorninu og það er enn von til að það verði. Stutt er í páskana og eins líklegt að páskahretið birtist hér.

Skjálftahrina hefur gengið yfir á Reykjanesskaganum eins og flestir hafa orðið varir við. Á vef almannavarna, www.almannavarnir.is eru góðar upplýsingar um viðbrögð við jarðskjálftum. Við höfum farið yfir þessi viðbrögð með nemendum hér í skólanum.

Það er mikið framundan hjá okkur í þessari viku. Á morgun, þriðjudag, verður fræðslukvöld fyrir foreldra (sjá hér að neðan), á miðvikudaginn er skipulagsdagur og á fimmtudag og föstudag verða þemadagar hér í skólanum, þar sem áhersla verður lögð á hreyfingu. Á fimmtudaginn verður einnig árshátíð elsta stigs og er mikil spenna meðal nemenda. Guðný forstöðukona Dimmu hefur sent póst til foreldra á elsta stigi þar sem hún óskar eftir aðstoð á árshátíðinni, við hvetjum ykkur til að verða við þeirri ósk ef þið hafið tök á.

Bestu kveðjur, María Jónsdóttir

Lýðheilsa ungmenna í Vatnsendahverfi

Veffræðsla 16. mars kl: 18:00



Í febrúar og október á síðasta ári var gerð rannsókn á lýðheilsu og líðan ungs fólks á tímum Covid-19. Þriðjudaginn 16. mars klukkan 18:00 munum við vera með fræðslufund á teams fyrir foreldra þar sem Margrét Lilja Guðmundsdóttir frá Rannsókn og greiningu sem sá um þessa könnun mun kynna niðurstöður fyrir Vatnsendaskóla. Á eftir hennar erindi mun Gísli Þór Einarsson, kennari með áralanga reynslu af ráðgjafastarfi hjá SÁÁ hafa kynningu um forvarnir gegn áfengis- og vímuefnum. Ráðgert er að fræðslufundurinn muni vera í rúma klukkustund. Fundarboð hefur verið sent á alla foreldra en við hvetjum sérstaklega foreldra frá 6. – 10. árgöngum að mæta. Nemendur okkar í 6. og 7. árgöngum eru að sigla hratt inn í unglingsárin og það er gott fyrir foreldra að fá fræðslu varðandi þessa þætti. Foreldrar nemenda í 8. – 10. árgöngum ættu allir að mæta því nemendur okkar í þeim árgöngum tóku þátt í þessari könnun. Þess má geta að Gísli mun hitta nemendur í 8.- 10. árgöngum í dag, mánudag og á morgun, þriðjudag og vera með forvarnarfræðslu til þeirra.

Með því að [smella hér](#) kemstu inn á fundinn .

17.03 Skipulagsdagur, *frístund opin*

18.03-19.03 Þemadagar

18.03 Árshátíð elsta stigs

29. 03-05.04 Páskaleyfi

09.04 Blár dagur

21.04 Síðasti vetradagur

22.04 Sumardagurinn fyrsti

Spjaldtölvuvefur Kópavogsbæjar

Gagnlegar og mikilvægar upplýsingar eru að finna á spjaldtölvuvefnum.

Smelltu [hér til](#) að skoða vefinn.

Námsvefur Vatnsendaskóla

Inn á námsvef Vatnsendaskóla er margt áhugavert. Smelltu [hér til](#) að skoða námsvefinn okkar.



Vatnsendaskóli notar **Mentor** til að halda utan um námsrángur, mætingar og annað sem að við kemur nemendum. Hér er að finna [handbók](#) fyrir aðstandendur sem gott er að kynna sér. Við

minnum einnig á að hægt er að skrá leyfi og veikindi nemenda í gegnum mentor appið.

Skólinn okkar

Í Vatnsendaskóla er lögð rík áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám. Gildi skólanámskrár byggjast á virðingu, vináttu, samvinnu og skapandi skólastarfi. Sérstök áhersla er lögð á náttúrufræði og raungreinar og útikennsla er ríkur þáttur í skólalífinu.



Í Vatnsendaskóla er litið á hvern árgang sem eina heild. Í 1.- 8. árgangi eru þrír til fjórir umsjónarkennarar sem fara með sameiginlega umsjón. Kennarar árgangsins bera sameiginlega ábyrgð á nemendum og vinna saman að því að skipuleggja nám nemenda. Þetta fyrirkomulag stuðlar að sveigjanleika og býður upp á möguleika að breyta hópum í samræmi við viðfangsefni og aukna teymiskennslu þar sem það á við. Þannig nýtist styrkur og hæfni starfsfólks nemendum. Nemendum árganga er skipt í mismunandi hópa og lögð er áhersla á að nemendur í sama árgangi kynnist vel og fái tækifæri til að vinna saman. Markmiðið með þessu fyrirkomulagi er að efla félagsþroska og félagsfærni nemenda, auka samkennd og þjálfva nemendur í að vinna með ólíkum einstaklingum að fjölbreyttum verkefnum. Þannig læra nemendur að taka tillit til þarfa hvers annars og verða hæfari til að lifa og starfa í lýðræðis þjóðfélagi. Ýmsar leiðir eru færar til að þjálfva nemendur í þessum þáttum en farsælast teljum við að starfið í skólanum bjóði upp á það mikla samvinnu nemenda að þeir þjálfist í þessum þætti í gegnum raunveruleg viðfangsefni. Sameiginleg ábyrgð á námi og líðan nemenda er grunnurinn í stefnu skólans. Kennsluáætlanir birtast á [námsvef skólans](#) sem er á heimsíðu Vatnsendaskóla og eru aðgengilegar foreldrum. Kennarar birta kennsluáætlun amk. 4.-6 vikur fram í tímann.

Skólabragur Vatnsendaskóla

Í Vatnsendaskóla er lögð áhersla á að skapa jákvæðan skólabrag og að góður vinnuandi sé ríkjandi. Mikilvægt er að allir sem í skólanum starfa stuðli að og viðhaldi góðum starfsanda þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigði eru í fyrirrúmi. Gagnkvæmt traust, virðing, samábyrgð, tillitssemi og góð framkoma eru höfð að leiðarljósi í skólalífinu. Námsagi einkennist af því að tillit sé tekið til þarfa nemenda, þroska þeirra og hæfni með áherslu á mannréttindi, jafnrétti, lýðræðisleg vinnubrögð og bann við mismunun af öllu tagi.

Réttindaráðið okkar

Unicef og Barnasáttmálinn

Vatnsendaskóli er að innleiða verkefni sem veitir skólanum réttindi til að verða Réttindaskóli UNICEF á Íslandi. Að verða Réttindaskóli þýðir að skólinn ætlar að nota Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna í öllu sínu starfi. Að auki er markmiðið að kenna börnum um réttindi sín og ábyrgð. Markmiðið er að byggja upp lýðræðislegt námsumhverfi og efla jákvæð samskipti. Réttindaráð starfar innan skólans sem er skipað af nemendum og starfsfólki.



Við hvetjum alla til að skoða Barnasáttmálann með því að smella [hér](#). Fulltrúar réttindaráðs skólaárið 2020-2021 eru:

- 4. árg.: Guðrún Katrín, Ingvar Atli, Ívar og Bryndís
 - 5. árg.: Garpur Nói, Gylfi Ágúst, Laufey Rún og Aþena María
 - 6. árg.: Alex Bjarki, Fjóla Kristín, Birna Ósk og Eysteinn Daði
 - 7. árg.: Lísbet Sæunn, Alexander Mikael, Emma Dís og Óðinn Thor
 - 8. árg.: Sunna Sól
 - 9. árg.: Salka V.
 - 10. árg.: Gunnlaugur
- Starfsfólk: Ásta, Jónína, Guðný og Ari
Foreldri: Elín Sigurveig

Heimanámsstefna skólans

Vatnsendaskóli leggur áherslu á mikilvægi heimanáms sem í upphafi skólagöngu felst aðallega í aukinni þjálfun í lestri. [Sjá nánar lestrastefnu Vatnsendaskóla.](#)

Hver kennari sér um skipulag á yfirferð námsefnisins og ákveður það efni sem vinna skal heima. Alltaf er tekið tillit til þeirra einstaklinga sem eru hægir í vinnubrögðum og heimanámið aðlagð þeim sérstaklega í



Hrós mánaðarins fá nemendur í 9. árgangi fyrir einstaka þolinmæði og þrautseigju í samræmdum könnunarprófum 8. mars sl.

Hlaðvarp Barnaverndarstofu *Við viljum vita* fjallar um málefni barna og barnaverndar. Hér er hægt að nálgast [hlaðvarpið](#)



Bók mánaðarins: Raddir margbreytileikans

Sögur úr skólastarfi er uppspretta ígrundunar um fjölmennningarlegt skólastarf. Raddir kennara, stjórnenda, foreldra og nemenda fá að njóta sín í dæmisögum sem koma frá leik-, grunn- og framhaldsskólum. Í bókinni eru dæmisögur sem varpa ljósi á ýmsar hliðar skólastarfs, svo sem siðferði, réttlæti, jafnræði, lýðræði, kennslufræði og forystu.

